

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Svo greiði hinn ákærði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu laun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. septembermánaðar.

Nr. 30/1895:

Hið opinbera

gegn

Sigmundi Guðmundssyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Reykjavíkur 8. júní þ. á. var hinn kærði Sigmundur prentari Guðmundsson fyrir að hafa óhlýðnast boði fátækra-stjórnarinnar í Reykjavík — en hann þiggur þar af fátækrafje — um að stunda prentið þar, sem honum hafði verið vísað á vinnu, svo og fyrir óspektir á strætum bæjarins, skammir og áflog, dæmdur fyrir fyrnefnda yfirtroðslu í 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og fyrir síðarnefnda, eða brot gegn lögreglusamþykkt bæjarins, í 10 kr. sekt til bæjar-sjóðs Reykjavíkur.

Þessum dómi er að ósk kærða áfrýjað til landsyfirdómsins.

Kærði hefur játað bæði þessi brot á sig, og eru þau með rjettu af undirdómaranum heimfærð undir lög um sveitarstyrk og fúlgu 4. nóv. 1887, 6. gr. og lögreglusamþykkt kaupstaðarins 15. nóv. 1890, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið að því brot hans á lögum 4. nóv. 1887 snertir, hæfilega metin af undirdómaranum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, þar sem hann þrisvar áður hefur verið sektaður fyrir samkynja brot, og svo er einnig um sekt þá, sem undirdómarinn hefur gjört honum fyrir brot gegn lögreglusamþykkt kaupstaðarins. Og með því landsyfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði lögreglurjettarins, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í heild sinni. Samkvæmt þessum úrslitum hlýtur kærði og að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærði Sigmundur Guðmundsson greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, settra málaflutningsmanna Hannesar Thorsteinson og Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt lúkist innan 8 vikna frá lög-
birting dóms þessa og honum að fullnægja
undir aðför að lögum.

Mánudaginn 23. septembermán.

Nr. 35/1895:

Rjettvísín

gegn

Hirti Elínmundarsyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Norður-Múlasýslu, upp
kveðnum 20. maímán. þ. á., var hinn ákærði Hjört-
ur Elínmundarson dæmdur fyrir þjófnað til að
sæta fangelsi við vatn og brauð í 2 × 5 daga og
til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin
málsvarnarlaun til verjanda í hjerði 4 kr. Dómi
þessum hefur verið skotið til yfirdómsins af hlutað-
eigandi amtmani.

Það er sannað með játningu hins ákærða sjálfs,
að hann um nýársleitið síðast hafi tvívegis farið í
sölubúð kaupmanns eins á Búdareyri með þeim
hætti, að smeygja hendinni inn um ferkantað gat á
kjallarahurdinni og opna hana með lyklinum, sem
stóð í að innanverðu. Úr kjallaranum mátti svo
komast upp í búðina gegn um ólokað hleragat. Í
þessi 2 skipti stal hinn ákærði úr búðinni vatns-
stígvjelum, skaraxarblaði, 2 sporjárnum, skápaskrá,
axlaböndum, $\frac{1}{4}$ pd. af púðri og ýmsu smálegu,
enn fremur peningabuddu og 4 kr. í peningum úr
búðarskúffunni, sem var ólæst. Hefur hið stolna